

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 16/2001

frá 28. febrúar 2001

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
og XI. viðauka (Fjarskiptþjónusta)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/1999 frá 5. nóvember 1999⁽¹⁾.
- 2) XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 108/2000 frá 30. nóvember 2000⁽²⁾.
- 3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/48/EB frá 20. júlí 1998 um breytingu á tilskipun 98/34/EB sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 15, 18.1.2001, bls. 40 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 3, 18.1.2001, bls. 85.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 45, 15.2.2001, bls. 47 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 8, 15.2.2001, bls. 47.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 217, 5.8.1998, bls. 18.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á 1. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB) í XIX. kafla II. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi bætist við á undan aðlögunarliðunum:

„, eins og henni var breytt með:

- **398 L 0048:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/48/EB frá 20. júlí 1998 (Stjtið. EB L 217, 5.8.1998, bls. 18).“;

2. Í stað orðanna „2. mgr. 1. gr.“ í aðlögunarlið a) komi „3. mgr. 1. gr.“;

3. Eftirfarandi komi í stað aðlögunarliðar d):

„Eftirfarandi bætist við 2. mgr. 8. gr.:

„Eftirlitsstofnun EFTA skal koma athugasemdum EFTA-ríkjanna á leiðis til framkvæmdastjórnar EB með samræmdri tilkynningu og skal framkvæmdastjórnin koma athugasemdum bandalagsins til Eftirlitsstofnunar EFTA. Samningsaðilar skulu, þegar komið hefur verið á sex mánaða stöðvun í samræmi við reglur sem gilda samkvæmt kerfi hvers um sig, og þegar komið hefur verið á fjögurra mánaða stöðvun samkvæmt kerfi Evrópubandalagsins eða, að því er varðar EFTA-ríkin, samkvæmt eftirfarandi tveimur málsgreinum, tilkynna hver öðrum um það með svipuðum hætti.

Lögbær yfirvöld EFTA-ríkjanna skulu eigi samþykkja drög að reglum um þjónustu fyrr en fjórum mánuðum eftir að Eftirlitsstofnun EFTA berst í hendur drögin að reglugerðinni, ef annað EFTA-ríki sendir ítarlegt álit, innan þriggja mánaða, þess efnis að fyrirhuguð ráðstöfun kunni að hindra frjálsa þjónustustarfsemi eða staðfesturétt þjónustuaðila á mörkuðum EFTA-ríkjanna.

Að því er varðar drög að reglum um þjónustu mega ítarleg álit EFTA-ríkjanna ekki hafa áhrif á aðgerðir í menningarmálum, einkum á sviði hljóð- og myndmiðlunar, sem EFTA-ríkin kunna að samþykkja samkvæmt EES-rétti, þar sem tekið er mið af tungumálafjölbreytni og sérstökum þjóðar- og byggðaeinkennum, sem og menningararfleifð.“

4. Eftirfarandi komi í stað aðlögunarliðar e):

„Eftirfarandi komi í stað 9. gr.

1. Lögbær yfirvöld aðildarríkja EB og EFTA-ríkjanna skulu eigi samþykkja drög að tæknilegum reglugerðum, sem tilkynnt hefur verið um, fyrr en þremur mánuðum eftir að eftirtöldum aðilum berst í hendur drögin að reglugerðinni:
 - framkvæmdastjórn EB þegar um er að ræða drög sem aðildarríki bandalagsins tilkynna,
 - Eftirlitsstofnun EFTA þegar um er að ræða drög sem EFTA-ríkin tilkynna.
2. Stöðvunartímabilin sem um getur í 1. og 2. mgr. 8. gr. gilda ekki í þeim tilvikum þegar,
 - óhjákvæmilegt er fyrir lögbær yfirvöld, vegna brýnna ástæðna er tengjast verndun almannahæilbrigðis eða -öryggis, verndun heilbrigðis og lífs dýra og plantna, og vegna reglna um þjónustu, einnig með tilliti til allsherjarreglu, einkum verndun ólögráða manna, að undirbúa tæknilegar reglugerðir á mjög skömmum tíma svo að unnt verði að samþykkja þær og leiða í lög þegar í stað án þess að hægt sé að hafa um það samráð eða þegar,

- óhjákvæmilegt er fyrir lögbær yfirvöld, vegna brýnna ástæðna sem orsakast af sérstökum aðstæðum er varða verndun öryggis og heilleika fjármálakerfisins, einkum verndun sparifjáreigenda, fjárfesta og váttryggðra einstaklinga, að samþykkja og leiða í lög þegar í stað reglur um fjármálaþjónustu.

Gera verður grein fyrir ástæðum sem réttlæta að gripið er til svo skjótra úrræða. Slík greinargerð verður að vera nákvæm og vel rökstudd, með sérstakri áherslu á að ekki hafi verið hægt að sjá fyrir þá hættu sem hlutaðeigandi yfirvöld stóðu frammi fyrir né hve alvarleg hún var, auk þess sem koma þarf fram hvers vegna brýnt var að grípa þegar í stað til aðgerða til úrbóta.“;

5. Eftirfarandi komi í stað aðlögunarliðar g) 9. gr.:

„upplýsingar um að gripið hafi verið til fjögurra eða sex mánaða stöðvunar;“.

2. gr.

Eftirfarandi komi á eftir lið 5h (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB) í XI. viðauka við samninginn:

„þjónusta upplýsingasamfélagsins“

„5i. **398 L 0034**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða (Stjtið. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37), eins og henni var breytt með:

- **398 L 0048**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/48/EB frá 20. júlí 1998 (Stjtið. EB L 217, 5.8.1998, bls.18).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) eftirfarandi komi í stað annarrar undirgreinar í 3. mgr. 1. gr.:

„Hugtakið „tækniforskrift“ tekur einnig til framleiðslu- og vinnsluaðferða sem notaðar eru að því er varðar vörur sem eru ætlaðar mönnum og dýrum til neyslu og í lyf, svo sem skilgreint er í 1. gr. tilskipunar 65/65/EEC (1. liður XIII. kafla II. viðauka við samninginn), svo og framleiðslu- og vinnsluaðferða að því er varðar aðrar vörur þar sem þær hafa áhrif á eiginleika þeirra.“;

- b) eftirfarandi bætist við í lok fyrstu undirgreinar 1. mgr. 8. gr.:

„Heildartexti þeirra draga að tæknilegri reglugerð sem tilkynnt hefur verið um verður að vera til á frummálinu og jafnframt þýðing textans í heild á einu af opinberum tungumálum Evrópubandalagsins.“;

- c) eftirfarandi bætist við í lok fjórðu undirgreinar 1. mgr. 8. gr.:

„Bandalagið annars vegar og Eftirlitsstofnun EFTA, eða EFTA-ríkin fyrir tilstilli Eftirlitsstofnunar EFTA hins vegar, geta óskað eftir frekari upplýsingum um drög að tæknilegri reglugerð sem tilkynnt hefur verið um.“;

- d) eftirfarandi bætist við 2. mgr. 8. gr.:

„Eftirlitsstofnun EFTA skal koma athugasemdum EFTA-ríkjanna á leiðis til framkvæmdastjórnar EB með samræmdri tilkynningu og skal framkvæmdastjórnin koma athugasemdum bandalagsins til Eftirlitsstofnunar EFTA. Samningsaðilar skulu, þegar komið hefur verið á sex mánaða stöðvun í samræmi við reglur sem gilda samkvæmt kerfi hvers um sig, og þegar komið hefur verið á fjögurra mánaða stöðvun samkvæmt kerfi Evrópubandalagsins eða, að því er varðar EFTA-ríkin, samkvæmt eftirfarandi tveimur málsgreinum, tilkynna hver öðrum um það með svipuðum hætti.

Lögbær yfirvöld EFTA-ríkjanna skulu eigi samþykkja drög að reglum um þjónustu fyrir en fjórum mánuðum eftir að Eftirlitsstofnun EFTA berst í hendur drögin að reglugerðinni, ef annað EFTA-ríki sendir ítarlegt álit, innan þriggja mánaða, þess efnis að fyrirhuguð ráðstöfun kunni að hindra frjálsa þjónustustarfsemi eða staðfesturétt þjónustuaðila á mörkuðum EFTA-ríkjanna.

Að því er varðar drög að reglum um þjónustu mega ítarleg álit EFTA-ríkjanna ekki hafa áhrif á aðgerðir í menningarmálum, einkum á sviði hljóð- og myndmiðlunar, sem EFTA-ríkin kunna að samþykkja samkvæmt EES-rétti, þar sem tekið er mið af tungumálafjölbreytni og sérstökum þjóðar- og byggðaeinkennum, sem og menningararfleifð.“;

e) eftirfarandi komi í stað 9. gr.:

„1. Lögbær yfirvöld aðildarríkja EB og EFTA-ríkjanna skulu eigi samþykkja drög að tæknilegum reglugerðum, sem tilkynnt hefur verið um, fyrir en þremur mánuðum eftir að eftirtöldum aðilum berst í hendur drögin að reglugerðinni:

- framkvæmdastjórn EB þegar um er að ræða drög sem aðildarríki bandalagsins tilkynna,
- Eftirlitsstofnun EFTA þegar um er að ræða drög sem EFTA-ríkin tilkynna.

2. Stöðvunartímabilin sem um getur í 1. mgr. og aðlögunarlið d) 1. mgr. gilda ekki í þeim tilvikum þegar,

- óhjákvæmilegt er fyrir lögbær yfirvöld, vegna brýnna ástæðna er tengjast verndun almannaheilbrigðis eða - öryggis, verndun heilbrigðis og lífs dýra og plantna, og vegna reglna um þjónustu, einnig með tilliti til allsherjarreglu, einkum verndun ólögráða manna, að undirbúa tæknilegar reglugerðir á mjög skömmum tíma svo að unnt verði að samþykkja þær og leiða í lög þegar í stað án þess að hægt sé að hafa um það samráð eða þegar,

- óhjákvæmilegt er fyrir lögbær yfirvöld, vegna brýnna ástæðna sem orsakast af sérstökum aðstæðum er varða verndun öryggis og heilleika fjármálakerfisins, einkum verndun sparifjáreigenda, fjárfesta og vátryggðra einstaklinga, að samþykkja og leiða í lög þegar í stað reglur um fjármálaþjónustu.

Gera verður grein fyrir ástæðum sem réttlæta að gripið er til svo skjótra úrræða. Slík greinargerð verður að vera nákvæm og vel rökstudd, með sérstakri áherslu á að ekki hafi verið hægt að sjá fyrir þá hættu sem hlutaðeigandi yfirvöld stóðu frammi fyrir né hve alvarleg hún var, auk þess sem koma þarf fram hvers vegna brýnt var að grípa þegar í stað til aðgerða til úrbóta.“;

f) eftirfarandi bætist við II. viðauka:

„ÍSLAND

STRI

Staðlaráð Íslands

LIECHTENSTEIN

TPMN

Liechtensteinische Technische Prüf-, Mess- und Normenstelle

NOREGUR

NSF

Norges Standardiseringsforbund

NEK

Norsk Elektroteknisk Komite

PT

Post- og teletilsynet“;

g) við beitingu tilskipunarinnar eru talið nauðsynlegt að senda eftirfarandi gögn á rafrænan hátt:

- 1) tilkynningastrimla. Þá má senda áður eða um leið og textinn er sendur í heild,
- 2) kvittun fyrir móttöku á textadrögum þar sem meðal annars kemur fram dagsetningin þegar stöðvuninni, sem ákveðin er í samræmi við reglur hvers kerfis um sig, lýkur,
- 3) boð þar sem óskað er eftir viðbótarupplýsingum,
- 4) svör við óskum um viðbótarupplýsingar,
- 5) athugasemdir,
- 6) beiðnir um fundi varðandi sérstök málefni,
- 7) svör við beiðnum um fundi varðandi sérstök málefni,
- 8) beiðnir um fullbúinn texta,
- 9) upplýsingar um að boðað hafi verið til sex mánaða stöðvunar;

eftirfarandi gögn má senda í venjulegum pósti eins og sakir standa, en ákjósanlegra er þó að senda þau á rafrænan hátt:

- 10) fullbúinn texta draga sem tilkynnt hefur verið um,
 - 11) grundvallarlagatexta eða reglugerðarákvæði,
 - 12) endanlegan texta;
- h) samningsaðilar skulu sameiginlega samþykkja stjórnvaldsráðstafanir varðandi tilkynningar.“

3. gr.

Texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/48/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. mars 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 28. febrúar 2001.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes M. Brinkmann